

Aðalfundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi – haldinn 24. apríl 2013.

Skýrsla stjórnar Félags rannsóknastjóra á Íslandi.

Stjórn félagsins sem kjörin var á stofnfundinum 23. nóvember 2012 hefur haldið 3 fundi.

Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum.

- Ásta Sif Erlingsdóttir er formaður
- Kristján Kristjánsson er gjaldkeri
- Oddný Gunnarsdóttir er ritari og þær
- Anna Kristín Daníelsdóttir og Ólöf Sigfúsdóttir eru varamenn.

Nokkurn tíma tók að fá kennitölu fyrir félagið, sem var vegna þess að í lög félagsins vantaði ákvæði um hvað gera skyldi við eignir félagsins við slit. Stjórnin ákvað að við slit skyldu eignir renna til Félags einstakra barna.

Eftirfarandi setningu var bætt við lögin:

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Félags einstakra barna, kt. 570797-2639.

Sótt var um styrk til Samstarfsnefndar opinberu háskólanna, með það að markmiði að setja félagsstarfið í gang og sækja um aðgang að evrópsku samtökum rannsóknastjóra. Enn hefur ekki borist svar við þeirri umsókn.

Beiðni barst frá evrópsku samtökunum um að við tækjum þátt í umsókn um COST verkefni og var því tekið vel, en niðurstaða um styrk hefur enn ekki borist.

Þá barst beiðni frá norsku systursamtökunum sem stofnuð voru formlega 17. apríl um að við sendum kveðju til þeirra í myndbandsformi og var það gert.

Í undirbúningi er gerð heimasíðu félagsins, sem nú fer á fullt í framhaldi af því að sendar hafa verið út rukkanir fyrir félagsgjöldum.

Annað hefur ekki verið gert, annað en undirbúa þennan fund.